



Fundargerð

stjórnarfundar Félagsbústaða haldinn fimmtudaginn 12. janúar kl. 12.00

Mætt: Haraldur Flosi Tryggvason, stjórnarformaður, Heiða Björg Hilmisdóttir, varaformaður, Laufey Ólafsdóttir, stjórnarmaður og Sigrún Árnadóttir framkvæmdastjóri sem jafnframt ritaði fundargerð.

1. Stefna í verkefnastjórnun

Fyrir fundinum lágu drög að stefnu um stjórnun verkefna. Ráðgjafi Félagsbústaða í verkefnastjórnun, Helgi Þór Ingason var gestur fundarins undir þessum lið og fór yfir innihald stefnunnar og þau áhrif sem henni er ætlað að hafa. Þá kynnti framkvæmdastjóri fjögur meginmarkmið sem stuðst verður við í innleiðingu stefnunnar.

Stjórnin samþykkti stefnu Félagsbústaða í stjórnun verkefna og meginmarkmið.

2. Eftirfylgniúttekt IE vegna viðhaldsframkvæmda

Skýrsla Innri endurskoðunar vegna eftirfylgniúttektar á viðhaldsframkvæmdum við Írabakka 2-16 frá júlí 2018 lá fyrir. Markmið úttektar var að kanna stöðu 15 ábendinga í skýrslunni. Hallur Símonarson innri endurskoðandi félagsins og Jenný Stefanía Jensdóttir verkefnastjóri IE voru gestir fundarins undir þessum lið. Jenný gerði grein fyrir úttektinni og niðurstöðum hennar. Niðurstöðurnar munu einnig kynntar á fundi endurskoðunarnefndar Reykjavíkurborgar.

Af 15 ábendingum sem fram komu í skýrslunni teljast 11 að fullu lokið, þrjár eru í vinnslu og ein útistandandi allt ábendingar sem metnar eru lágar í áhættu.

Eftirfylgniúttekt telst lokið.

Lagt fram til kynningar.

3. Laugavegur 105

Farið var yfir stöðu verkefnis vegna breytinga á annarri hæð hússins á Laugavegi 105. Greinargerð var lögð fram.

Stjórn samþykkti með fyrirvara um álit lögmanns að heimila að samið verði á föstum verðum við Hlemm ehf. um framkvæmdir við uppsetningu veggja, frágang pípulagna, raflagna og málunar.

4. Nýbyggingarverkefni 2022

Samantekt vegna framkvæmda við 5 nýbyggingar sem teknar voru í notkun á árinu 2022 lá fyrir. Farið var yfir samantektina. Grétar Örn Jóhannsson og Eyþór Friðriksson sátu fundinn undir þessum dagskrárlið.

Stjórnin óskaði eftir frekari upplýsingum og verða þær lagðar fram á næsta fundi.

5. Eigandastefna Reykjavíkurborgar og samþykktir Félagsbústaða

Lagt var fram minnisblað þær breytingar sem ný eigandastefna Reykjavíkurborgar kallar á í samþykktum um Félagsbústaði og fleiri atriði. Einnig var lögð fram tillaga

tillaga tilnefningarnefndar sem samþykkt var í borgarráði um tilnefningar aðla- og varamanna í stjórn Félagsbústaða.
Lagt fram til kynningar.

Fleira ekki get. Fundi slitið kl. 14:00



Haraldur Flosi Tryggvason

Heiða Björg Hilmisdóttir



Laufey Olafsdóttir